

Alþingi
Erindi nr. P 130/874
komudagur 27.1.2004



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Rvk. 26.01.2004

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um váttryggingasamninga, 204. mál.

Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, Samtökum fjármálafyrirtækja, Samtökum verslunar og þjónustu, Samtökum fiskvinnslustöðva og Landssambandi íslenskra útvegsmanna hafa borist til umsagnar frumvarp til *nýrra heildarlaga* um váttryggingasamninga, 204. mál sem ætlað er að koma í stað núgildandi laga um váttryggingasamninga nr. 20/1954. Frumvarpið er viðamikilið að vöxtum alls 180 bls. með athugasemdum og skýringum og athugasemdum með frumvarpinu er ljóst að efnislega felur frumvarpið í sér grundvallar-breytingar á gildandi löggjöf um váttryggingasamninga.

Samtökin mótmæla harðlega að frumvarpið verði að lögum.

Frumvarpið stenst ekki grundvallarkröfur sem gera verður til heildarendurskoðunar gildandi laga eins og hér er lagt til.

Í fyrsta lagi verður ekki séð hvaða þörf knýr á um þessar breytingar. Atvinnulífið hefur að minnsta kosti ekki beðið um þær og ekki er unnt að ráða af frumvarpinu eða greinargerðinni að lagabreytingarnar leiði til neinna réttarbóta fyrir það. Í öðru lagi er ekki gerð nein tilraun til þess að meta kostnaðaráhrif af frumvarpinu fyrir atvinnulífið. Færa má að því rök að frumvarpið feli í sér mikinn kostnaðarauka og engin tilraun er gerð til þess að vega hann saman við ætlað hagræði.

Í þriðja lagi þarf að kanna löggjöf í samkeppnislöndum og þróun innan EES-svæðisins og gæta þess að íslensk löggjöf sé í samræmi við hagsmuni atvinnulífsins í því samhengi. Þennan mælikvarða stenst frumvarpið ekki heldur enda var við frumvarpsmiðina stuðst nær eingöngu við *norsk lög* um váttryggingasamninga nr. 69/1989, þótt vitað sé að sú löggjöf sé verulega frábrugðin löggjöf annarra norræna ríkja og löggjöf innan EES svæðisins.

Í fjórða lagi er vikið með afgerandi hætti frá grundvallarreglum íslensks réttar um samningsfrelsi. Ekki verður séð að fyrirtæki þarfnist neytendaverndar á borð við þá sem frumvarpið boðar og kaupir hana því verði sem ófrávíkjanlegar reglur frumvarpsins eru.

Ófrávíkjanlegar reglur í stað samningafrelsis.

Í stuttu máli sagt þá hefur norsk löggjöf um váttryggingasamninga frá 1989, (lög nr. 69/1989) að stórum hluta verið þýdd yfir á íslensku. Meginbreyting sem af þessari *lagabýðingu* leiðir er að ákvæði frumvarpsins eru gerð ófrávíkjanleg í andstöðu við þá meginreglu núgildandi laga nr. 20/1954 um váttryggingasamninga að vera frávíkjanleg.

Þetta felur í sér *grundvallarbreytingu* á efnisuppbyggingu núgildandi laga um váttryggingasamninga eins og skýrt kemur fram í athugasemdum frumvarpsins. Þessi grundvallarbreyting þýðir að samningafrelsi aðila um efni váttrygginga, sem núgildandi lög um

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is



vátryggingasamninga tryggir er afnumið. Því er mótmælt að þar með séu réttindi neytenda betur tryggð, en fullyrt er að verið sé að treysta réttarstöðu neytanda með því að veita þeim lágmarksvernd (sjá bls. 52 neðst.).

Ófrávíkjanleiki lagafrumvarpsins gagnvart atvinnulífi.

Það er hins vegar gengið miklu lengra í frumvarpinu heldur en að tryggja rétt *neytenda eða almennings*, því samningafrelsi *atvinnurekanda og fyrirtækja* um efni allra ábyrgðartrygginga er hreinlega afnumið. Í öðrum skaðatryggingum en ábyrgðartryggingum er samningafrelsi fyrirtækja til að víkja frá ákvæðum laganna bundið sérstökum stærðarmörkum (10 ársverk eða velta yfir 500.000.000 kr. skv. síðasta ársreikningi), br. 3. gr. frumvarpsins. Þessi höft og hömlur á atvinnulífið um efni vátryggingasamninga eru sögð í þágu atvinnulífsins en hvergi er vikið að því að óskir þessa efnis hafi borist þaðan

Samtökin telja að frumvarpið muni skerða möguleika fyrirtækja til að kaupa á skaðatryggingar erlendis. Íslensk atvinnufyrirtæki munu í framtíðinni ekki geta leitað eftir ábyrgðartryggingum erlendis á sömu kjörum og í dag. Erlend tryggingafélög byggja tryggingar sínar á almennum og þekktum skilmálum. Það er afar ólíklegt að erlend tryggingafélög myndu fallast á að vátryggingasamningur við íslensk fyrirtæki verði byggður á nýjum íslenskum ófrávíkjanlegum lagareglum, sem félögin þekkja ekki eða þá *áhættu*, sem breytt löggjöf hefur í för með sér. Þessi lagaákvæði um ófrávíkjanleika geta því orðið tæknileg viðskiptahindrun og kunna að draga úr samkeppni um vátryggingar á íslenskum markaði erlendis frá og þar með möguleika íslenskra atvinnufyrirtækja til að lækka vátryggingakostnað sinn. Sama mun gilda um kaup íslenskra tryggingarfélagana á endurtryggingum hjá erlendum tryggingarfélögum.

Góð reynsla af gildandi lögum nr. 20/1954.

Efnislegan rökstuðning vantar fyrir þeim viðamiklu breytingum sem í lagafrumvarpinu felast um ófrávíkjanleika laganna. Gildandi vátryggingalög hafa í heild reynst vel eins og fram kemur í almennum athugasemdum frumvarpsins (bls. 49) enda voru þau unnin í norrænni samvinnu á sínum tíma. Í athugasemdum með 3. gr. frumvarpsins kemur beinlínis fram að vátryggingaskilmálar íslensku tryggingafélaganna hafa ekki verið sérstaklega gagnrýndir fyrir það að vera ósannjarnir eða fjandsamlegir vátryggingatökum (bls. 61).

Sú pólitíska ákvörðun að kollvarpa gildandi löggjöf og semja nýtt frumvarp sem byggt er á rúmlega áratuga gömlum norskum lögum vekur sérstaka athygli og undrun. Löggjöf um vátryggingasamninga hefur þróast með öðrum hætti í Noregi heldur en á hinum Norðurlöndunum. Þróuninni á Norðurlöndum er ítarlega lýst á bls. 49-50. Í frumvarpinu. Danir hafa t.d. talið hendur sínar bundnar vegna aðildar að Evrópusambandinu og hafa viljað bíða eftir samræmdri löggjöf Evrópusambandsins um vátryggingasamninga. Í Danmörku var einnig skipuð nefnd til að endurskoða dönsk lög um vátryggingasamninga í mars árið 1999. Nefndin lauk störfum í nóvember 2002 og er niðurstaðan þar að gera aðeins tillögu til breytinga á einstökum ákvæðum en lögin verði óbreytt í flestum höfuðatriðum enn um sinn. (sjá bls. 50). Í Svíþjóð voru samþykkt sérstök lög um neytendatryggingar árið 1981 og ekki hafa verið sett ný almenn lög um vátryggingasamninga, eins og ætlunin virðist að setja hér.

Norsk löggjöf hefur þróast meira í átt til neytendaverndar heldur en löggjöf annarra Evrópuríkja. Það er umhugsunarvert að *pólitísk ákvörðun* sé tekin á Íslandi að leggja norska löggjöf til grundvallar í nefndarstarfi nefndar á sama tíma og nefnd *skipuð af danska þjóðþinginu* og skilaði af sér ítarlegri skýrslu í nóvember 2003 sá ekki ástæðu til viðamikilla grundvallar breytinga á danskri vátryggingalöggjöf að sinni.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Það kann að hljóma vel að auka neytendavernd en sú aukna vernd verður ekki nema á kostnað neytenda og alls óljóst hvort neytendur æskja hennar og þeirrar hækkunar iðgjalda sem samþykkt frumvarpsins myndi fylgja. Það gerir atvinnulífið ekki.

Aukinn iðgjalda- og eftirlitskostnaður Fram kemur í frumvarpinu á bls. 56 að ljóst sé að mörg nýmæli laganna muni leiða til kostnaðarauka fyrir váttryggingafélögin. Hvergi í athugasemdum með frumvarpinu, er hins vegar reynt að áætla þann *kostnað* sem *aukin neytendavernd* og aukið *eftirlit* Fjármálaeftirlits (sjá 12. gr. og 72. gr.frv.) með nýjum *ófrávíkjanlegum lagaákvæðum* mun hafa í för með sér. Engin greinargerð eða áætlun er lögð fram með frumvarpinu til að áætla breytingar á iðgjaldakostnaði neytenda eða um þörf og kostnað við aukið opinbert eftirlit eins og skýlt er að gera þegar löggjöf, sem felur í sér aukið opinbert eftirlit er samín, sbr. *lög nr. 27/1999* um opinberar eftirlitsreglur og reglugerð nr. *812/1999 um opinberar eftirlitsreglur*.

Aukin neytendavernd kann að vera göfugt markmið í sjálfu sér. Það er hins vegar hreint ábyrgðarleysi af hálfu stjórnvalds að leggja fram lagafrumvarp, sem felur í sér viðamiklar breytingar á gildandi lögum, sem hafa alls ekki verið umdeild enda vel samín í upphafi, án þess að *fjárhagslegar afleiðingar frumvarpsins verði ljósar almenníngi og fyrirtækjum*. Upplýsingar um iðgjaldakostnað sem af lagafrumvarpinu mun leiða fyrir einstaklinga, fyrirtæki og atvinnulíf í heild sinni, hljóta að skipta ábyrg stjórnvöld miklu máli áður en þau taka endanlega ákvörðun um að leggja frumvarp fram.

Samtökin gera þá eðlilegu kröfu að slík áætlun og greining (sjá fylgiskjal með reglum nr. 812/1999) á raunverulegri þörf fyrir aukið opinbert eftirlit og strangari reglur verði gerð áður en það tekur endanlega afstöðu til frumvarpsins og hún verði útbúin í samvinnu við váttryggingafélög eða af hlutlausum aðila.

Samtökin halda því ekki fram að núverandi lög um váttryggingarsamninga séu gallalaus og þar þurfi engar breytingar að gera.. Þau eru reiðubúin til þess að taka þátt í skoðun laganna og gera úrbætur þar sem þörf kann að vera á en þau telja heildarendurskoðun og umbyltingu laganna algörlega óþarfa og ótímabæra.

Virðingarfyllst,

Samtök atvinnulífsins

Jón R. Pálsson

Samtök iðnaðarins

Jón Steindór Valdimarsson

Samtök fjármálafyrirtækja

Guðjón Rúnarsson

Samtök verslunar og þjónustu

Sigurður Jónsson

Samtök fiskvinnslustöðva

Ágúst H. Elíasson

Landsamband ísl. útvegsmanna

Friðrik J. Arngrímsson

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is